

25. Mikilvægast fyrir hvern?

Ekki er víst að allir setji sömu málín í forgang



Mólefni	Almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 3
Aldur	10–13 ára
Tími	60 mínútur
Hópstærð	12–24 börn
Tegund verkefnis	Forgangsröðun, samkomulagsgerð, umræður
Yfirlit	Börnin ákveða hvaða greinum Barnasáttmálans skal sleppa og ræða um afleiðingar þess, sem og hve mannréttindi eru háð innbyrðis og samtvinnuð
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að kynna Barnasáttmálann • Að öðlast skilning á því hve algild, óafsalanleg og innbyrðis háð mannréttindi eru
Undirbúningur	Útbúa þarf réttindaspjöld fyrir börnin
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Pappír og pennar • Flettitafla og merkipennar • Réttindaspjöld fyrir helming barnanna

Leiðbeiningar

1. Byrjaðu verkefnið með hugstormun um réttindi barna til að komast að því hve mikið börnin vita um Barnasáttmálann og/eða til að rifja upp með þeim hve mikið þau kunna að hafa fræðst um réttindi barna. Ef hópurinn veit lítið sem ekkert um réttindi barna er ráðlegt að fylgja leiðbeiningum í kaflanum um breytingu hér aftar.
2. Skiptu börnunum í tveggja eða fjögurra manna hópa og láttu hvern hóp fá tvö réttindaspjöld, blað og penna. Segðu þeim að á hverju spjaldi sé lýsing á einhverjum réttindum sem tiltekin eru í Barnasáttmálanum. Segðu þeim að lesa upphátt greinarnar tvær á kortunum og skera úr um hvor réttindin séu börnum mikilvægari, skrifa síðan niður ástæðu þess að þau tóku önnur réttindin fram yfir hin.
3. Safnaðu saman spjöldunum með réttindunum sem voru „síður mikilvæg“. Segðu tveggja/fjögurra manna hópunum að taka réttindakortið sem valið var og sameinast öðrum hópi. Láttu síðan þessa fjögurra/átta manna hópa endurtaka fyrsta áfangann og velja hvor réttindin á spjöldunum tveim þeim finnst mikilvægari og skrifa niður ástæðu þess.
4. Safnaðu aftur saman spjöldunum með réttindunum sem voru „síður mikilvæg“. Skrifaðu þau upp á flettistöflu sem „síður mikilvæg réttindi“.
5. Þegar lokavalið liggur fyrir skaltu biðja einhvern úr hverjum hópi að lesa upp hvað stendur á réttindaspjaldinu sem þau völdu sem mikilvægast og útskýra hvers vegna það varð fyrir valinu. Skrifaðu síðan jafnóðum á flettistöfluna hvað varð fyrir valinu undir yfirskriftinni „Réttindin okkar“. Aðeins tvö eða fjögur réttindi munu standa eftir; fer eftir því hve mörg börnin eru.
6. Ræðið um eftirfarandi:
 - a. Fannst ykkur þetta erfitt val? Hvers vegna?
 - b. Hvað varð til þess að þið tókuð ein réttindi fram yfir önnur?
 - c. Breyttust hugmyndir ykkar um mikilvægi réttinda á meðan þið unnuð verkefnið?
 - d. Eruð þið sammála hinum hópunum um ástæðurnar sem þeir gáfu upp fyrir vali sínu? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?



7. Dreifðu kortunum með „síður mikilvægu“ réttindunum af handahófi meðal barnanna og segðu þeim að lesa upphátt hvað á þeim stendur. Ræðið um hvað myndi gerast ef þessum réttindum yrði í raun og veru hafnað.
- Veldu nokkur „síður mikilvæg“ réttindi og segðu börnunum að ímynda sér hvað myndi gerast ef þau væru ekki til staðar, t.d. rétturinn til ættleiðingar og annars konar umsjár, rétturinn til fjölskyldulífs, rétturinn til leikja og menningarstarfsemi.
 - Hvernig myndi það snerta ykkur persónulega að glata þessum „síður mikilvægu“ réttindum?
 - Hvaða áhrif hefði það á réttindin sem urðu fyrir valinu ef þessi „síður mikilvægu“ réttindi væru ekki fyrir hendi?

Samantekt og mat

- Minntu börnin á grundvallarregluna um algildi mannréttinda: að allir njóti allra réttinda. Fjallaðu síðan um eftirfarandi spurningar:
 - Hvers vegna er áriðandi að allar manneskjur njóti sömu réttinda?
- Er hægt að svipta suma mannréttindum? Hvers vegna?
 - Ræddu um hve mikilvægt sé að réttindi barna séu óskert. Leiddu börnunum fyrir sjónir að mannréttindi séu öllum nauðsynleg, jafnvel þótt þú þurfir að nota hugtök á borð við að eitt-hvað sé „óafsalanlegt“ eða „háð innbyrðis“.
 - Sýndu þeim með tilteknum dæmum hvernig réttindi tengjast innbyrðis, t.d. rétturinn til menntunar og rétturinn til að afla sér upplýsinga; rétturinn til fjölskyldulífs og rétturinn til að vera ekki aðskilinn frá foreldrum sínum.
- Segðu börnunum að nefna dæmi um hvers vegna þau þurfi á öllum réttindum sínum að halda.
 - Fjallaðu um hvernig það fari eftir hverjum og einum hvernig hann forgangsraðar réttindum (t.d. „Ég hef aldrei verið handtekinn,“ eða „Ég bý með báðum foreldrum mínum“) en í Barnasáttmálanum sé kveðið á um það sem öll börn í heiminum þurfa á að halda.
 - Segðu börnunum að velta fyrir sér aðstæðum þar sem „síður mikilvægu“ réttindin kunna að skipta sköpum um afdrif eða vellíðan tiltekins barns.

Tillögur um framhald

- Í verkefninu „Stjórnarskráin okkar“, bls. 175, er sýnt fram á samhengið milli réttinda og skyldna.
- Önnur verkefni þar sem Barnasáttmálinn kemur við sögu eru „Borðspil“, bls. 62, og „Réttindi kanínunnar“, bls. 165.
- Í verkefninu „Sigt til framandi strandar“, bls. 167, eru börnin einnig beðin að setja réttindi í forgangsráð.

Hugmyndir um aðgerðir

- Hvettu börnin til að nefna dæmi úr daglegu lífi þar sem þau njóta þeirra réttinda sem verið hafa til umræðu.
- Finndu og/eða fjallaðu um sögur þar sem annaðhvort hafa verið brotin réttindi á börnum eða þau vernduð, einkum þar sem aðstæður eru þeim framandi eins og þegar um barnavinnu er að ræða.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Ef til vill þarf að útskýra einhver réttindi enn frekar fyrir yngstu börnunum.
- Kennarinn ætti að samþykka allar tillögur hópsins orðalaust. Andmæli, ef einhver eru, ættu að koma frá hinum börnunum.



- Börnin þurfa ekki að nota lagaleg hugtök eins og „háð innbyrðis“ og „innbyrðis tengsl“ til að skilja hvað býr að baki.
- Vertu reiðubúin(n) til að nefna ákveðin dæmi í samantektinni um hvað gæti gerst ef tiltekin réttindi yrðu afnumin.
- Gættu þess að börnin skilji að réttindi nái ekki til allra hluta.

Breyting

Í þessu verkefni er gert ráð fyrir því að börnin þekki til Barnasáttmálans. Ef svo er ekki skaltu byrja á að kynna þeim réttindi barna og láta þau svo sjálf búa til réttindaspjöldin. Láttu þau vinna tvö og tvö saman og fáðu þeim eina eða tvær greinar úr stytta útgáfu Barnasáttmálans, spjöld úr þykum pappír og liti og blýanta. Segðu þeim að skrifa eina grein á hvert spjald og myndskreyta hana. Þegar spjöldin eru tilbúin eiga þau síðan að lesa upp greinarnar sínar, útskýra merkingu þeirra og sýna öllum hópnum hvernig þau myndskreyttu þær. Fylgdu svo leiðbeiningunum frá og með nr. 2. Leiðbeinandi þarf ef til vill að opna betur augu barnanna fyrir því sem felst í textanum þeirra.

EFNI TIL DREIFINGAR: RÉTTINDASPJÖLD

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

7. grein

Réttur til nafns og ríkisfangs

Öll börn eiga rétt til nafns og ríkisfangs. Og einnig rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

3. grein

Það sem barni er fyrir bestu

Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar gerðar eru ráðstafanir eða teknar ákvarðanir sem varða börn.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

9. grein

Réttur til að vera ekki skilinn frá foreldrum sínum

Börn ætti ekki að skilja frá foreldrum sínum nema það sé þeim fyrir bestu (ef foreldri misþyrmir barni). Við skilnað foreldra eiga börn rétt á að vera í beinu sambandi við báða foreldra sína. Fjölskyldumeðlimum sem búa í öðru landi skal vera heimilt að flytja og sameinast fjölskyldu sinni á ný.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

27. grein

Réttur til viðunandi lífsskilyrða

Foreldrar bera ábyrgð á því að sjá barni fyrir þeim lífsskilyrðum sem því eru nauðsynleg til að komast til þroska. Stjórnvöld skulu sjá foreldrum fyrir stuðningsúrræðum, einkum ef báðir foreldrar eru útivinnandi.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

24. og 26. grein

Réttur til heilsuverndar og félagslegrar aðstoðar

Börn eiga rétt á góðri heilbrigðisþjónustu og félagslegri aðstoð, og rétt til að fá hreint drykkjarvatn, holla fæðu og lifa í hreinu umhverfi þannig að þau njóti góðrar heilsu.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

40. grein

Réttur og málsmeðferð í afbrotamálum

Börn sem sökuð eru um refsilagabrot skulu njóta lagalegrar aðstoðar. Aðeins skal dæma börn til frelsissviptingar fyrir alvarlegt afbrot.



EFNI TIL DREIFINGAR

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
18. grein

Réttur til uppeldis og þroska

Fjölskyldan ber aðalábyrgð á uppeldi barns. Báðir foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og skulu ávallt hafa í huga hvað barninu er fyrir bestu.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
12. grein

Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós

Börn eiga rétt á að segja skoðanir sínar, þegar full-orðnir taka ákvarðanir sem hafa áhrif á líf þeirra, og að tekið sé tillit til skoðana þeirra.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
9., 20. og 21. grein

Réttur til ættleiðingar og umönnunar utan fjölskyldu

Það er skylda stjórnvalda að veita börnum umsjá, virða trúarlegan, menningarlegan og þjóðernislegan bakgrunn þeirra, og tryggja að aðeins til þess bærir aðilar annist milligöngu um ættleiðingar.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
28. grein

Réttur til menntunar

Börn hafa rétt til menntunar sem stuðlar að því að persónuleiki þeirra og hæfileikar þroskast og virðir mannréttindi og menningarleg og þjóðleg gildi. Grunnskólanám skal vera ókeypis. Námsaga skal haldið uppi með þeim hætti sem samrýmist mannlegri reisu barnsins.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
31. grein

Réttur til hvíldar og þátttöku í tómstundum og menningu

Öll börn eiga rétt á að slaka á og leika sér og taka þátt í alls kyns tómstundastörfum og menningarlífi.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
14. grein

Réttur til skoðana- og trúfrelsis

Börn eiga rétt til frjálsrar hugsunar og að aðhyllast þau trúarbrögð sem þau vilja, og iðka trú sína svo fremi sem það kemur ekki í veg fyrir að annað fólk njóti réttinda sinna. Foreldrar ættu að leiðbeina börnum sínum á þessu sviði.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
13. grein

Réttur til að hafa aðgang að upplýsingum og til tjáningarfrelsis

Börn eiga rétt á að fá og nota sér upplýsingar úr fjölmiðlum. Veita skal upplýsingar í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum sem börn geta skilið, en ekki birta efni sem getur valdið þeim eða öðrum skaða eða tjóni.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
6. grein

Réttur til lífs og þroska

Réttur allra barna til lífsins og til að njóta umönnunar og þroskast svo að þau geti tekið fullan þátt í samfélaginu.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
16. grein

Réttur til friðhelgi fjölskyldu og einkalífs

Börn eiga rétt á einkalífi. Lögin eiga að vernda þau gegn árásum á lífshætti þeirra, mannorð, fjölskyldu, heimili.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
15. grein

Réttur til félagafrelsis

Börn eiga rétt á að koma saman og mynda félög svo framarlega sem það kemur ekki í veg fyrir að aðrir njóti réttinda sinna.

